

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 73/2025

2025/EES/38/31

frá 14. mars 2025

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1117 frá 12. janúar 2023 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina kröfurnar fyrir gerð og eðli upplýsinganna sem lögbær yfirvöld heima- og gístiaðildarríkja eiga að skiptast á ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1118 frá 12. janúar 2023 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina með hvaða skilyrðum samstarfshópur eftirlitsaðila skal framkvæma verkefni sín ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1119 frá 12. janúar 2023 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda heima- og gístiaðildarríkja ⁽³⁾.
- 4) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 19dd (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/389) í IX. viðauka við EES-samninginn:

- „19de. **32023 R 1117:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1117 frá 12. janúar 2023 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina kröfurnar fyrir gerð og eðli upplýsinganna sem lögbær yfirvöld heima- og gístiaðildarríkja eiga að skiptast á (Stjtið. ESB L 148, 8.6.2023, bls. 10).
- 19df. **32023 R 1118:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1118 frá 12. janúar 2023 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina með hvaða skilyrðum samstarfshópur eftirlitsaðila skal framkvæma verkefni sín (Stjtið. ESB L 148, 8.6.2023, bls. 17).
- 19dg. **32023 R 1119:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1119 frá 12. janúar 2023 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda heima- og gístiaðildarríkja (Stjtið. ESB L 148, 8.6.2023, bls. 29).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 148, 8.6.2023, bls. 10.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 148, 8.6.2023, bls. 17.⁽³⁾ Stjtið. ESB L 148, 8.6.2023, bls. 29.

2. gr.

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2023/1117 og (ESB) 2023/1118 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/1119, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökuþegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2025 frá 14. mars 2025 (⁴), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(⁴) Stjtið. ESB L 2025/986, 12.6.2025 og EES-viðbætur nr. 38, 12.6.2007, bls. 43.